

133 Við slík tækifæri verður farið á sama hátt með flutningsgóz. Skipstjórnarnir ráða, hvort þeir afferma það á næztu höfn, sem komið verður inn á, eða hafa það með sjer lengra og skila því á sinn samastað á apturleiðinni.

Hið sameinaða gufuskipafjelag.

Kaupmannahöfn í nóvember 1881.

C. P. A. Koch,

forstjóri.

134

## A u g l ý s i n g

um póstmál.

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir samþykkt þessar breytingar á póstgöngunum:

1, að aðalpósturinn milli Akureyrar og Reykjavíkur leggi leið sína um verzlunarstaðinn Blönduós í Húnavatnssýslu, bæði á suður- og norðurferðum sínum, og að þess vegna

a, brjefhirðingastaður verði stofnaður á Blönduós, en að brjefhirðingastaður sá, er verið hefur á Reykjum, verði lagður niður, og

b, að aukapósturinn út á Hólanes (Skagastrandarpósturinn, sbr. 8. gr. f. auglýsingar 3. maí 1872) eptirleiðis hefji göngu sína ekki frá Sveinsstöðum en frá Blönduós í hvert sinn, er pósturinn kemur þangað að sunnan.

2, að Þingeyjarsýslupósturinn, sem er aukapóstur aðalpóstsins frá Akureyri til Seyðisfjarðar og fer frá Grenjaðarstað norður á Sauðanes (sbr. 8. gr. h. auglýsingar 3. maí 1872) haldi áfram leið sinni frá Sauðanesi að verzlunarstaðnum Vopnafirði, og að stofnaður verði nýr aukapóstur frá Höfða í Vallahreppi á Vopnafjörð, er fari á stað undir eins og aðalpósturinn er kominn að Höfða frá Prestsbakka; en aptur á móti að aukapósturinn frá Grímsstöðum á aðalpóstleiðinni frá Akureyri til Seyðisfjarðar verði lagður niður.

3, að stofnuð verði brjefhirðing á Möðruvöllum í Hörgárdal.

4, að stofnaður verði aukapóstur frá Stykkishólmi til Flateyjar, og að stofnuð verði brjefhirðing á síðarnefndum stað.

Breytingar þessar ná gildi 1. janúar 1882.

Um leið og þetta er birt almenningi skal ákveðið, að aukapósturinn til Flateyjar skuli árið 1882 fara frá Stykkishólmi eptir komu sunnanpóstsins þangað, tvær fyrstu vorferðirnar og tvær síðustu haustferðirnar.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 5. desbr. 1881.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.